



Alþingi 24.10.2014

Málsnr.: 1409 058  
Málalykill: 0.34.2

## VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

Reykjavík, 24. október 2014

Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Efni: Umsögn vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs um þingsályktunartillögu um rannsóknarklasa á sviði taugavísinda og taugahrönnunarsjúkdóma, 144. löggjafarþing 2014–2015, þingskjal 24-24. mál.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun rannsóknarklasa á sviði taugavísinda og og taugahrönnunarsjúkdóma á Íslandi, svo sem á sviði ALS/MND-sjúkdómsins. Ríkisstjórnin hlutist til um að vísindasamfélagið á Íslandi fái nauðsynlega aðstoð við að afla styrkja til að fjármagna rannsóknir á taugasjúkdómum, einnig frá alþjóðasamfélaginu.

Vísinda- og tækniráð hefur gefið út stefnu og aðgerðaráætlun fyrir tímabilið 2014-2016, þar sem fram kemur að auka beri hlutdeild þess fjármagns sem varið er til rannsóknar- og nýsköpunarstarfs í gegnum samkeppnissjóði á kostnað fastra framlaga. Stefnan sem þar er mörkuð byggir á því að jafningjamat samkeppnissjóða sé best til þess fallið að tryggja gæði vísindastarfs bæði á innlendum vettvangi og í alþjóðlegum samanburði. Vísinda- og tækniráð lítur svo á að þingsályktunartillagan gangi gegn þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið í því að lagt er til að Alþingi og ríkisstjórn beiti sér fyrir fjárframlagi til rannsóknarklasa á einu rannsóknarsviði fremur en öðru, án þess að fram hafi farið jafningjamat sem styðji þá ráðstöfun.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni eru ekki færð efnisleg rök fyrir því að á Íslandi séu aðstæður fyrir hendi sem réttlæti að gengið sé gegn óháðu jafningjamati á þennan hátt. Aðgengi að erfðaupplýsingum og upplýsingar um ættartengsl íslensku þjóðarinnar eru mikilvægur grunnur margra vísindarannsókna á fleiri sviðum en taugavísindum og taugahrönnunarsjúkdómum.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs áréttar þá stefnu sem fram kemur í nýútkominni stefnu og aðgerðaráætlun, að stuðla beri að því að fjárveitingar til rannsóknar- og nýsköpunarstarfs byggist á faglegu jafningjamati. Með þeim hætti eru gæði nýsköpunar- og vísindastarfs best tryggð.

f.h. Vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs

Una Strand Viðarsdóttir, ritari vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs